# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 85


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bnf. 16/12 '11

Bg. 25

Ár 1911 laugardaginn 16. des: Kom byggingarnefndin saman á fund og tók þau mál sem eru hér greind:

1. Magnúsi Egilssyni steinsmið í [illegible] leyft að reisa sér íbúðarhús úr steini á erfðafestulandi hans í Kirkjumýri, enda hafi bæjarstjórnin þegar leyft honum þar húsbyggingu. Húsið er einloftað 10×8° með skúr 6°×6°.
2. Gudm. Magnússyni leyft að setja port og ris á hús sitt Frakkastíg 17 og breyta gluggunum á framhlið hússins.
3. Byggingarbeiðni h/f. Alliance um frestað vegna væntanl. járnbrautar út á grandann.

Fleiri mál ekki fyrir tekin. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kr. Gunnarsson. K. Zimsen

Bjarnason. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1911 miðvikudaginn 20. des: Kom byggingarnefndin saman á aukafund til að ræða byggingarbeiðni þá frá h/f. Alliance, er frestað var á síðasta fundi. H/f. er leyft að reisa tvö hús: fiskhús og fiskpakka-hús, 50×20 álna og 30×25 álna, á Ánanaustabletti svo nefndum, þó þannig að eldvarnarveggir séu á þeim hliðum húsanna, sem kunna að koma nær lóðarmörkum en 5 álnir, svo sem lögmælt fyrir. Fiskhúsið (50°×20°) standi á syðri jaðri Mýrargötu, en lega hins hússins verður ekki afmörkuð ~~(afmörkuð)~~ fyr en ákveðið er gata fram með sjónum á þessu svæði og er byggingarfulltrúa falið að leggja uppdrátt af því og gera tillögur um götulagninguna.

Fleira kom ekki að gjöra. — Allir á fundi — fundi slitið.

Jón Jensson. Kr. Gunnarsson. Páll Einarsson. K. Zimsen

Bjarnason. Rögnv. Ó.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirritaður leyfi mér hérmeð að sækja til hinnar háttvirtu byggingarnefndar um leyfi til að byggja hús á erfðafestulandi mínu í Kirkju-mýrinni. Húsið er með skúr og af þeirri stærð og gerð sem meðfylgandi teikning sýnir. Útveggir úr steini en innveggir af tré. Þakið úr bárujárni lagt á pappa og tré eins og byggingarsamþykktin tiltekur

Fulutjörn 15-des. 1911

Magnús Eigilsson

B. Rvk.: 183/1911. Bg 28:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík þ. 16. desbr. 1911

Hjermeð leyfi jeg mjer, virðingarfyllst, að ítreka beiðni mína, sem lögð var fyrir síðasta ~~bæjarstjórnar~~ byggingarnefndar fund en þá var frestað, um bygginguna á Ánanaustabletti. Svar óskast sem allra fyrst.

Fyrir hönd Fiskiveiðafjel. Alliance

Gunnar Gunnarsson

Til B. Rvk 782/1911 Bg 25:

Byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 22. nóvbr. 1911

Hjermeð leyfi jeg mjer að biðja hina háttvirtu Byggingarnefnd Reykjavíkur að mæla út lóð undir tvö hús: veiðarfærahús og fiskhús, hið fyrrnefnda 30 × 25 al. og hið síðarnefnda 50 × 20 al. á svonefndum Ananaustabletti. Æskilegt væri að geta fengið þetta mælt út svo fljótt sem hægt er.

Virðingarfyllst
Fyrir hönd fiskifjelagsins Alliance
Gunnar Gunnarsson

B. Rvk 781./1911. Br. 25.

Til
Byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vildi jeg mælast til að hinni Háttvirtu Byggingarnefnd Reykjavíkur mætti þóknast að veita leifi sitt og samþykkja við bátar bygginguna, port og ris ofaná hús mitt við Frakkastíg 17. eftir því sem meðfylgjandi uppdráttum til vísar.
það skal tekið framm að stafir í húsinu eru 4x4 að sverleik.
en framm vildi jeg mælast til að meiga seta þrí setta glugga á frammhlið hússins, þar sem nú eru tví settir.

Reykjavík 16 desemb. 1911

Guðmundur Magnússon

B. Rvk. 780/1911 Bg 25.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur